

Lýsing á tækinu (til hvers er það?)

Tígulröðun er hugarfærnitól notað til að ýta undir umræður og fá fólk til að vega eigin gildi tengd völdu viðfangsefni. Venjan er að raða níu rituðum staðhæfingum eftir vægi á tilteknu rófi (til dæmis eftir mikilvægi, áhuga og þar fram eftir götum) en að raða ljósmyndum eftir vægi vekur líka umræður og getur orðið til að móta sameiginlegan skilning. Að raða ljósmyndum þegar hugsað er um rými í skóla fellur vel að efninu og fær fólk til ígrunda tengsl sín við áþreifanleg rými og áhrif þeirra tengsla á sýn á nám og kennslu. Sömu myndir og röðun má nota til að auðvelda umræður á milli valinna hópa í skólanum.

Tígulröðun má nota á tvo aðskilda vegu, annað hvort til að greina reynslu fólks af rýmum og skilning fólks á námsumhverfinu eða til að hefja könnun á mögulegum valkostum. Aðferðin hefur verið notuð í ýmsum menningarheimum og löndum af rannsakendum og kennurum sem hafa áhuga að kanna viðhorf skólanotenda til námsumhverfis og starfshátta, stundum til að styðja við endurhönnun rýma.



Leiðbeiningar

Með tígulröðun er mögulegt að kanna ríkjandi viðhorf um menntun og rými en líka búa til farveg fyrir umræður til að greina möguleika og valkosti.


Til að auðvelda leikinn má stilla upp borðum með níu útprentuðum ljósmyndum tölusettum frá 1 til 9, stórra pappírsörk eða spjaldi, skærum, lími og penna. Biðjið þátttakendur að vinna í hópum, klippa út ljósmyndirnar og raða þeim eftir völdum viðmiðum á borð við „heppilegur staður til námsvinnu/óheppilegur staður til námsvinnu“

Eftirfarandi tenglar vísa á myndir sem velja má úr safni okkar:

- Námsrými innandyrna ætluð eldri nemendum
- Námsrými innandyrna ætluð yngri nemendum
- Skólarými utandyra
- Skólarými fyrir félagstengsl, hreyfingu og mat

Leiðbeiningar (greining í töflureikni)

Excel-skjalið sem þessi síða vísar á og hlaða má niður býr til staflasúlurit eins og hér sést.




Frekari bjargir

Leiðbeiningar um sjónrænar aðferðir, þar á meðal tíglröðun, til að breikka þátttöku í rannsóknum:

<http://www.ncl.ac.uk/media/wwwnclacuk/cflat/files/making-connections.pdf>

Stutt samantekt um gildi þess að notendur taki þátt í hönnun skóla:
<https://theconversation.com/pupils-and-teachers-should-get-a-say-in-how-to-spend-2bn-for-building-new-schools-27357>

Fræðileg grein sem lýsir breytingum á kennsluháttum og rými í tveimur skólum í Bretlandi: <https://link.springer.com/article/10.1007/s10833-018-9317-4>



Samfélagsmiðlar: @PamWoolner á Twitter #CollaborativeReDesignofSchools #DiamondRank

Nánari upplýsingar: Dr. Pamela Woolner (pamela.woolner@newcastle.ac.uk)

Bakgrunnsupplýsingar: <http://www.ncl.ac.uk/ecls/staff/profile/pamelawoolner.html#background>



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union